



Alþingi
b.t. Velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Ísafjörður, 23. febrúar 2022

Efni: Umsögn Fjölmenningarseturs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka einstaklinga með vernd, innflytjendaráð), 271. mál.

Fjölmenningarsetur þakkar fyrir að hafa fengið frumvarp til umsagnar og vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi það. Fjölmenningarsetur skilaði umsögn vegna frumvarps sama efnis, dags. 15. mars 2021 og sendist hér ný umsögn með breytingum.

Frumvarpið felur í sér þá meginbreytingu að Fjölmenningarsetri er ætlað víðtækara hlutverk með tilkomu samræmdrar móttöku einstaklinga með vernd og því mikilvægt að efla stofnunina með því að binda nýtt verkefni í lög og að samhliða verði tryggðar heimildir okkar til að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinna vegna innleiðingar samræmdrar móttöku einstaklinga með vernd byggir á tillögum sem unnar voru af hálfu nefndar sem skipuð var af félags- og jafnréttismálaráðherra árið 2017 og voru samþykktar af ríkisstjórn í janúar árið 2019. Skipun nefndarinnar má rekja til aðgerðar E.1 í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem samþykkt var á Alþingi 20. september 2016. Markmiðið með starfi nefndarinnar var að kortleggja þjónustu við flóttafólk á Íslandi og setja fram tillögur um hvernig hægt væri að samræma þá þjónustu sem veitt er annars vegar vegna komu hópa flóttafólks í boði ríkisins í samvinnu við UNHCR (kvótaflóttafólk) og hins vegar vegna þeirra þjónustu sem veitt er einstaklingum sem fá hér veitt dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar, mannúðarleyfis eða viðbótaverndar.

Starfshópur skipaður fulltrúum félagsmálaráðuneytisins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga lagði drög að kostnaðarlíkani og kröfulýsingu sem er til grundvallar samninga félagsmálaráðuneytisins og móttöku sveitarfélaga. Vinnu starfshópsins lauk um mitt árið 2020 þegar undirrituð var viljayfirlýsing milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytisins um samstarf vegna framkvæmdar reynsluverkefnis um samræmda móttöku flóttafólks og þeirra sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hér á landi. Markmiðið með reynsluverkefninu er að afla frekari gagna sem hægt verður að nýta til ákvarðanatöku um áframhaldandi innleiðingu á samræmdri móttöku flóttafólks. Reynsluverkefnið felur í sér að móttökusveitarfélög tryggi samfellda og sveigjanlega þjónustu með gerð einstaklingsmiðaðra áætlana, aðstoð við að útvega leiguhúsnæði, aukna félagslega ráðgjöf, eftirfylgni og málstjórn samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið.

Í ljósi þess að frumvarpið var ekki samþykkt, var tekin sú ákvörðun að hefja reynsluverkefnið með breyttu verklagi og þjónusta Fjölmenningarseturs aðlöguð að því. Þá hefur verið komið á fót skrifstofu Fjölmenningarseturs á höfuðborgarsvæðinu og ráðinn til starfa einn sérfræðingur til viðbótar við þann sem var þá þegar í starfi. Fjölmenningarsetur hefur unnið áfram með að þróa verkefnið í samstarfi við félagsmálaráðuneytið, fulltrúa móttöku sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, og félagssamtökum sem starfa með einstaklingum með vernd.

Fjölmenningarsetur hefur þurft að aðlaga hlutverk sitt og aðkomu að verkefninu með breytingum á verklagi og takmarka miðlun og öflun upplýsinga. Þær takmarkanir hafa áhrif á möguleika til þörunar, upplýsingamiðlunar og öflunar.

Mikilvægt er að skilningur ríki milli nefndarmanna háttvirtrar velferðarnefnda um hlutverk Fjölmenningarseturs í samræmdri móttöku einstaklinga með vernd. Í fyrsta lagi er það þörun einstaklinga sem fengið hafa alþjóðlega vernd hér á landi við sveitarfélög. Í öðru lagi veitir Fjölmenningarsetur sveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna móttöku einstaklinga með vernd og gerð einstaklingsmiðaðra áætla. Loks er það hlutverk Fjölmenningarseturs að standa fyrir samráði og fræðslu til þeirra aðila sem koma að móttöku einstaklinga með vernd.

Til viðbótar hefur Fjölmenningarsetur tekið virkan þátt í því að undirbúa koma kvótaflóttafólks og einstaklinga sem fengu dvalarleyfi þegar Ríkisstjórnin samþykkti að taka á móti allt að 120 einstaklingum frá Afganistan vegna ástandsins sem skapaðist þar í landi í kjölfar valdatöku Talibana. Fjölmenningarsetur hefur gegnt lykilhlutverki í að tryggja gott samstarf milli stofnunarinnar og stjórnvaxslunnar við að gera öllum kleift að koma fólkinu í öruggt skjól.

Nauðsynlegt er að tryggja heimild stofnunarinnar til að vinna með persónuupplýsingar vegna þarfagreiningarviðtala og þörunar við sveitarfélög, í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda hefur í tvígang verið lagt fram á Alþingi en ekki verið samþykkt.

Þegar litið er á heildina yfir Fjölmenningarsetur er hlutverkið skilgreint í [lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012](#). Sérstakt ráðgjafarhlutverk Fjölmenningarseturs gagnvart stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum og sveitarfélögum vegna flóttafólks hefur verið eflt til muna með tilkomu samræmdrar móttöku og fjölgun starfsfólks. Fjölmenningarsetur er sá aðili sem hefur heildaryfirsýn yfir stöðu verkefnisins hjá sveitarfélögum og er sameiginlegur samstarfsaðili allra þeirra sem taka þátt í verkefninu.

Sérfræðingar Fjölmenningarseturs sem starfa við samræmdar móttöku einstaklinga með vernd hafa mikla þekkingu og reynslu af málefnum flóttafólks og hafa unnið leiðbeiningar og skilgreint verkferla í nánú samstarfi við alla hlutaðeigandi aðila hverju sinni.

Vefsíða Fjölmenningarseturs hefur verið í mikilli þróun þar sem áhersla er lögð á upplýsingamiðlun til þeirra sem flytja til Íslands en einnig þjónustuaðila sem geta sótt þangað leiðbeiningar og aðrar upplýsingar sem nýtast þeim í ráðgjöf og þjónustu við einstaklinga með vernd. Fjölmenningarsetur stendur fyrir reglulegum samráðsfundum með móttöku sveitarfélögum þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins. Fyrir utan samráðsfundi með fulltrúum móttöku sveitarfélaga hefur Fjölmenningarsetur greiðan aðgang að sérfræðingum hjá félagsmálaráðuneyti, Útlendingastofnun og Vinnuálastofnun.

Þegar á heildina er litið má segja að ábyrgð Fjölmenningarseturs sem ráðgefandi aðila við alla samstarfsaðila í samræmdri móttöku einstaklinga með vernd og hefur einnig heildaryfirsýn yfir stöðu verkefnisins hjá öllum móttöku sveitarfélögum. Þannig getur Fjölmenningarsetur vel sinnt miðlægri upplýsingasöfnun og -miðlun bæði til þeirra sem veita þjónustuna og þeirra sem nota þjónustuna.


Fjölmenningarsetur tekur skylduna mjög alvarlega í að vernda persónuupplýsingar hvers fyrirtækis, stofnana, sveitarfélags, fagaðila og alla þá einstaklinga, sem leita til okkar vegna þjónustunnar sem við veitum. Við endurskoðum persónuverndarstefnu okkar reglulega og erum í nánú sambandi við persónuverndarfulltrúa á vegum Dattaca Labs (Sérfræðistofa sem veitir þjónustu og ráðgjöf við innleiðingu á persónuverndarlöggjöfinni.) Hlutverk þeirra er bæði að greina hvernig við vinnum með upplýsingar í samræmi við lög, veita okkur eftirliti og ráðgjöf. Persónuverndarstefna okkar er aðgengileg almenningi til skoðunar á [vefsíðan okkar hér](#).

Með tilliti til athugasemdar vegna aukinnar heimildar Fjölmenningarseturs varðandi vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við móttöku einstaklinga með vernd er Fjölmenningarsetur í nánú samráði við persónuverndarfulltrúa stofnana og þeim sérfræðingum á vegum Dattaca Labs. Verið er að skýra enn frekara verklag um vinnslu persónuupplýsinga með vísan til hlutverks okkar í samræmdri móttöku einstaklinga með vernd og skilgreina með skýrari hætti einnig hvaða tegund persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga, Fjölmenningarsetur komi til með að vinna með. Einnig er vinna hafin í því að framkvæma mat á áhrif á persónuverndar sem hluta af almennu áhrifamati í tengslum við samþykkt frumvarpsins.

Fjölmenningarsetur fagnar einnig að fulltrúa heilbrigðisráðuneytis skuli ætlað sæti í Innflytjendaráði. Fjölmenningarsetur telur mikilvægt að fulltrúi ráðherra heilbrigðismála hafi aðkomu að ráðinu þar sem meðal hlutverka ráðsins er að stuðla að samhæfingu og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og innan stjórnsýslunnar. Í tengslum við hlutverk Fjölmenningarseturs og samræmdrar móttöku flóttafólks hefur reynslan sýnt að flóttafólk hefur ríka þörf fyrir víðtæka þverfaglega heilbrigðisþjónustu. Fjölmenningarsetur er skipað sæti sem áheyrnafulltrúi í Innflytjendaráði og því gefst tækifæri til enn frekara samráðs við fulltrúa heilbrigðisráðuneytis.

Fjölmenningarsetur styður eindregið þá samræmdu móttöku flóttafólks sem verið er að innleiða og að breytingar verði gerðar á lögum um málefni innflytjenda til þess að setja inn örugga lagastoð fyrir þau verkefni sem Fjölmenningarsetri er falið að sinna. Einnig er Fjölmenningarsetur reiðbúið að koma á fund Velferðarnefndar til að gera betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Fjölmenningarseturs


Nichole Leigh Mosty, Forstöðumaður

